Ian Hamilton Finlay

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Á miðju síðasta ári birtust fréttir um að menningarmálanefnd Reykjavíkur hefði ákveðið nýja stefnu í sýningarmálum Kjarvalsstaða, sem felst í því að frá upphafi þessa árs verða allar sýningar í húsinu skipulagðar af menningarmálanefnd og settar upp í nafni hennar; salir Kjarvalsstaða verða því ekki lengur leigðir einstökum listamönnum eða hópum þeirra til sýninga, og öll ábyrgð af sýningarhaldi verður því á einni hendi.

Þessar fréttir hlutu litla athygli þegar þær komu fram, en hið nýja fyrirkomulag á væntanlega eftir að vekja meira umtal þegar frá líður, og tíminn einn mun leiða í ljós hvort þessi stefna verður Kjarvalsstöðum til góðs eður ei. Þó má benda á að jafnframt var ákveðið að lengja þann tíma sem hver sýning stendur, og er slíkt til mikilla bóta; einnig má vænta þess að samræmdur undirbúningur sýninga skili sér í faglegum uppsetningum og sýningarskrám, og á þessu sviði lofar byrjunin góðu.

Fyrsta sýning Kjarvalsstaða undir hinni nýju sýningarstefnu er stór sýning á verkum skoska listamannsins Ians Hamiltons Finlays, og tengist Skottís, skosk-íslenskum menningardögum, sem standa yfir í Reykjavík um þessar mundir. Allt sýningarrými Kjarvalsstaða er lagt undir, og er uppsetningin til fyrirmyndar, enda krefst sú list sem hér er á ferðinni mikils af gestum og því nauðsynlegt að hún sé eins aðgengileg og mögulegt er.

Ian Hamilton Finlay er einn þeirra listamanna sem hafa orðið þekktir fyrir persónulega framgöngu ekki síður en fyrir listina. Hann lifir einangruðu lífi, er ómannblendinn og vinnur mest í samvinnu við fáa einstaklinga; engu að síður hefur hann staðið dyggan vörð um list sína, og sýnt mikla þrautseigju í deilum og málaferlum við yfirvöld, t.d. bæði heima í Skotlandi og Frakklandi. Nafn hans er vel þekkt innan listaheimsins, og verk hans er að finna víða um lönd, þó heima fyrir hafi hann vart hlotið verðskuldaða viðurkenningu enn sem komið er.

Rætur Finlays sem listamanns liggja öðru fremur í ljóðlistinni, og á sjöunda áratugnum gat hann sér orðs sem einn að merkari boðberum konkret-ljóðsins. Frá þessu upphafi lá leiðin út í hönnun grafíkverka, höggmynda og garða, en á öllum þessum sviðum hefur Finlay átt samvinnu við aðra listamenn um hina endanlegu gerð verkanna, sem hefur orðið til að auka á fjölbreytni þess sem Finlay lætur frá sér fara. Þetta sést vel á sýningunni á Kjarvalsstöðum, þar sem verk í öllum stærðum, gerðum og litum fylla salina.

Í allri fjölbreytninni er þó ljóst að list Finlays grundvallast fyrst og fremst á hinu ritaða orði, og að orðið hefur ætíð ákveðna tilvísun. Finlay stofnaði snemma eigið útgáfufyrirtæki, The Wild Hawthorn Press, til að koma verkum sínum á framfæri; sýningin á Kjarvalsstöðum er raunar einnig kennd við það fyrirtæki. Þó að orðið (sem hér er ýmist á ensku, frönsku eða latínu) sé þannig undirstaða alls í verkum Finlays og geri nokkrar kröfur til gesta um tungumálakunnáttu, þá skipta hinir sjónrænu miðlar einnig máli, og víkka grundvöll verkanna; neonljós í ýmsum litum, litprentuð spjöld, setningar á fréttaborða — allt verður þetta til að gera hina sjónrænu reynslu ríkulegri.

Ef reyna ætti að skipa listamanninum í flokk innan nútímalistar liggur beinast við að fjalla um Finlay sem konsept-listamann, þar sem hann fæst að mestu við hugmyndir og úrvinnslu þeirra í verkum sínum. Hins vegar er sú flokkun ekki einhlít, því Finlay gerir meira af því en flestir samtímamenn hans að leita aftur til listasögunnar að efnivið til að nota við að varpa nýju ljósi á ýmislegt sem stendur okkur nærri nú á tímum. Í þessu sambandi má nefna þá flokka verka sem hann hefur gert og tengjast goðsögninni um Apolló og Dafne, sæludalnum Arkadíu, og loks frönsku byltingunni, en verk sem tengjast henni (og einstökum hetjum hennar) eru áberandi hér.

Þau verk sem snúa að byltingarmanninum Saint-Just, sögu hans og skoðunum, eru einn athyglisverðasti hluti sýningarinnar. Þegar borgarastyrjaldir geisa leynt og ljóst víða um lönd er yfirfærslugildi þess sem gerðist fyrir tveimur öldum augljóslega talsvert, og þær kenningar sem þarna eru settar fram virðast enn í fullu gildi, hversu óhugnanleg sem sú tilhugsun er. Afstaða franskra yfirvalda til verka Finlays er síðan ljósasti votturinn um þá skinhelgi sem einkennir alla umræðu um það ofbeldi sem fylgir manninum. Finlay hefur haldið því fram að ofbeldi, stríð og kúgun þess séu allt að því forboðin viðfangsefni, á líkan hátt og kynlíf og kvenlíkaminn var fyrr á tímum; viðbrögð við verkum hans styðja þessa kenningu.

List Ians Hamiltons Finlays er ekki auðskilin, heldur má fremur líkja verkum hans við sáðkorn, sem eiga eftir að bera ávöxt í hugum sýningargesta, ef þau falla í frjósama jörð. Oft er um að ræða misflókna leiki með orð og letur, sem skemmta auganu um leið og þeir beina athyglinni að pólitískum eða sögulegum skoðunum listamannsins. Einnig eru hér verk sem krefja sýningargestinn um tíma, íhugun og jafnvel endanlega afstöðu til þess málefnis sem listamaðurinn hefur tekið til umfjöllunar. Það er ekki algengt að listsýningar geri slíkar kröfur til sýningargesta, og fyrir það eitt er list Ians Hamiltons Finlays vel þess virði að henni sé veitt verðskulduð athygli.

Sýningarskrá er í óvenjulegu formi, og þar er að finna tvær ágætar ritgerðir um listamanninn, sem skýra ýmsar hliðar á verkum hans; það væri ráðlegt að lesa þessar ritgerðir að nokkru yfir kaffibolla áður en sýningin er yfirgefin.

Sýningin á verkum Ians Hamiltons Finlays á Kjarvalsstöðum stendur til sunnudagsins 7. febrúar, og eru listunnendur hvattir til að gefa sér góðan tíma til að skoða hana.

MARATAPLAN!

Ian Hamilton Finlay: „Marat“ 1986.



SJÁLFSKIPTUR SUNNY

Framhjóladrifinn SUNNY hlaðinn aukahlutum:
Bein innsprautun, 1600cc, yfir 100 hestöfl, vökva og veltistýri, samlæsing á hurðum, rafdrifnar rúður, útihitamælir og margt margt fleira

VERÐ AÐEINS 1.066.000-

Bílasýning um helgina í Keflavík BG bílasölunni frá kl 14-17

OPIÐ UM HELGINA
FRÁ KL. 14-17

Ingvar Helgason hf.
Sævarhöfði 2, 112 Reykjavík
P.O. Box 8036, Sími 674000

NISSAN